

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði fimmtudaginn 8. des. 2016, kl. 17:30. Fundur nr. 765.  
Mætt eru: Bjarnveig, Björgvin, Einar, Guðrún, Sigrún, Sigurður, Þorgerður og Þorsteinn.  
Forföll boðaði: Elvar.

- 1) Fundur settur kl. 17: 30.
- 2) Fundargerð síðasta fundar samþykkt með áorðnum breytingum.
- 3) Innsend bréf.
  - a) Bréf dagsett 16. nóv. frá Dalvíkurbyggð: Umsókn í Menningar og viðurkenningarsjóð, þar sem fram kemur að afgreiðslu umsóknar er frestað.
  - b) Bréf dagsett 17. nóv. frá ÍSÍ: Samningur um lægri flugfargjöld hjá Flugfélagi Íslands. Lagt fram til kynningar.
- 4) Styrkir úr Afreksmannasjóði.

Einstaklingsumsóknir: Vegna keppnis - eða æfingaferða. Stjórn UMSE fór yfir þær umsóknir sem bárust og var úthlutun svo hljóðandi.

  - i) Amalía Nanna Júlíusdóttir, Sundfélagið Rán, kr. 30:000-
  - ii) Amanda Guðrún Bjarnadóttir, Golfklúbburinn Hamar, kr. 30.000-
  - iii) Andrea Björk Birkisdóttir, Skíðafélag Dalvíkur, kr. 60.000-
  - iv) Arnór Snær Guðmundsson, Golfklúbburinn Hamar, kr. 60.000-
  - v) Axel Reyur Rúnarsson, Skíðafélag Dalvíkur, kr. 30.000-
  - vi) Eir Starradóttir, UMF. Æskan, kr. 15.000-
  - vii) Guðmundur Smári Daníelsson. UMF. Samherjar, kr. 60.000-
  - viii) Guðni Berg Einarsson, Skíðafélag Dalvík, kr. 30.000-
  - ix) Helgi Halldórsson, Skíðfélag Dalvíkur, kr. 30.000-
  - x) Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson, Sundfélagið Rán, kr. 15.000-
  - xi) Sundfélagið Rán, hópumsókn. Hafnað.
  - xii) Viktor Hugi Júlíusson, UMF. Svarfdæla, kr. 30.000-
  - xiii) Sveinborg Katla Daníelsdóttir UMF. Samherjar, kr. 30.000-

Stjórn UMSE úthlutaði samtals kr.420.000- til iðkenda í þessari úthlutun

  - b) Umsóknir í Landsmótssjóð UMSE
    - i) Skíðafélag Dalvíkur, vegna kaupa á tæknibúnaði til þjálfunar. kr. 50.000-
    - ii) Skíðafélag Dalvíkur, börn á grunnskólaaldri í Dalvíkurbyggð frítt á skíði. Hafnað
    - iii) Ungmennasamband Eyjafjarðar, frágangur sögulegra gagna og skönnun mynda. Kr. 50.000-

Alls úthlutaði Landsmótssjóður UMSE kr. 100.000 í þessari úthlutun.  
Þorgerður mætti á fundinn.
- 5) Íþróttamaður UMSE.
  - a) Samþykkt að kjör á íþróttamanni ársins fari fram fimmtudaginn, 19. janúar, 2017 kl. 20:00 í Hörgársveit. Framkvæmdastjóri tekur að sér að athuga með að fá Hlíðarbæ eða Þelamerkurskóla og sér um að sækja um styrk til Hörgársveitar. Framkvæmdastjóri upplýsti að hann muni senda út bréf til aðildarfélaga fyrir 13. Des, þar sem óskað verður eftir tillögum að tilnefningum. Frestur til skila á þeim verður til 29. des.
  - b) Samþykkt að stjórn útnefni íþróttamenn í kjörið á fyrsta fundi sínum í byrjun janúar 2017.

- c) Kjörseðlar verða sendir út til aðildarfélaga og stjórnar UMSE eigi síðar en 10. janúar 2017.
  - d) Boðun íþróttamanna og önnur boðsbréf verða send út í síðasta lagi 10. janúar.
  - e) Tekin verður ákvörðun um það á næsta stjórnarfundum hvaða aðildarfélag UMSE mun hljóta styrk Bústólpa fyrir barna- og unglingastarf. Stjórnarmenn eru hvattir til að kynna sér starfsemi félaganna er snertir barna- og unglingastarf.
- 6) Formannafundur UMSE
- a) Samþykkt að fundur með formönnum aðildarfélaga verði haldinn í Búgarði fmmtudaginn, 26. janúar, 2017 kl. 19:00. Tillögur fundarmanna að dagskráefni á formannafundinum:
    - i) Venju samkvæmt farið yfir það helsta í starfi félaganna.
    - ii) Farið verður yfir stefnur UMSE.
    - iii) Farið yfir stöðu nýbúa í íþróttastarfi.
    - iv) Farið yfir kostnað við íþróttaiðkun.
    - v) Undirbúningur fyrir ársþing UMSE 2017.
    - vi) Kynna verkefnið „Sýnum karakter“
- 7) Ársþing UMSE
- a) Lagt til að ársþing UMSE verði haldið einhvern tíman á bilinu 2 til 9. mars 2017 í Árskógi, Dalvíkurbyggð. Frekari umræðum frestað fram yfir formannsfund.
  - b) Styrkumsókn verður send til Dalvíkurbyggðar vegna húsaleigu.
- 8) Varðveisla sögulegra gagna.
- a) Framkvæmdastjóri upplýsti að Guðmundur Steindórsson mun byrja að ganga frá gögnum vegna skráningar á 100 ára sögu UMSE í janúar 2017.
  - b) Blindravinnustofan vinnur að skönnun mynda vegna útgáfu á sögu UMSE, verklok eru óákveðin.
  - c) UMSE hefur fengið eftirfarandi styrki vegna verkefnisins:
    - i) Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ, kr. 250.000.-
    - ii) Landsmótssjóður UMSE, kr. 50.000.-
- 9) Fundur um samstarfsverkefni við skóla.
- Framkvæmdastjóri sagði frá fundi með skólastjórnendum á svæðinu sem haldinn var 7. des. sl. Þar var farið yfir möguleika á auknu samstarfi milli skóla og UMSE og kannað hvort grundvöllur væri fyrir sameiginlegum viðburði á skólaárinu þar sem nemendur kæmu saman og kepptu í íþróttum í bland við félagsstarf og fræðslu. Næstu skref í málinu eru að ákveða dagsetningu og frekari útfærslu viðburðarins. Framkvæmdastjóri annast málið á þessu stigi - í samráði við skólastjórnendur.
- 10) Önnur mál.
- a) Þorgerður sagði frá fundi sem hún sótti á vegum FRÍ.
  - b) Björgvin hvatti fundarmenn til að skoða verkefnið „Sýnum karakter“ og benda aðildarfélögum og þjálfurum innan sambandsins á að kynna sér verkefnið til góðra verka.
  - c) Einar sagði frá vel heppnuðu fótboltamóti sem fram fór 16. okt. Góð aðsókn var á mótið sem haldið var á Hrafnagili.
  - d) Samþykkt var að framlengja niðurgreiðslu á æfingagalla UMSE samandsins til 1. júní 2017.

e) Bjarnveig formaður upplýsti að hún verði í frí frá störfum UMSE janúar og febrúar 2017 og mun Sigurður varaformaður leysa hana af.

11) Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn, 3. janúar í Búgarði kl. 17:30 Sigrún kemur með veitingar.

12) Fundi slitið kl. 19:30.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

---

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE

---